

Aðalfundur hverfisráðs eyrar og efri bæjar

...

Skýrsla stjórnar

2019

Hugmyndir sem kosið var um á aðalfundi 2019 sendar til Ísafjarðarbæjar til úrvinnslu.

- a. Æfingatæki á gamla gæsló (29 stig)
- b. Drykkjarfontar og bekkir (23 stig)
- c. Hjólastígur gegnum miðbæinn (20 stig)
- d. Klifurtæki á gamla gæsló (19 stig)
- e. Skipuleggja leiksvæði í efri bæ (15 stig)

2020

Stjórnarfundur í september

Aftur lagt til að framkvæmdafé ársins verði notað í að kaupa hreystitæki.

Kynntar tvær langtímatillögur samkvæmt beiðni bæjarritara:

- Lagt til að fundinn verði staður fyrir almenningssvæði og leikvöll í efri bænum.
- Lagt til að farið verði í frekari uppbyggingu á svæðinu þar sem gamli gæsluvöllurinn stóð og það byggt upp sem almenningssvæði með fókus á börn. Þar verði tyrft, komið upp leiktækjum, vatnshana, bekkjum og ruslafötum.

2021

Stjórnarfundur í apríl

Innlegg hverfisráðs við skipulagningu á sumarvinnu garðyrkjudeildar og áhaldahúss Ísafjarðarbæjar.

- Gera Skipagöturóló vistlegri og setja upp hlið.
- Grisja og lækka gróður í beðum meðfram allri Pollgötu og í kringum hringtorg.
- Laga ljósin á göngustígnum utan við Fjarðarstræti.
- Sá í drullusvaðið við hliðina á afaróló í Fjarðarstræti.

2021

Stjórnarfundur í apríl

Innlegg frá Facebook-síðu hverfisráðs við skipulagningu á sumarvinnu garðyrkju-deildar og áhaldahúss Ísafjarðarbæjar.

- Túnunum við höfnina, þar sem áður voru olútankar, verði gert hærra undir höfði.
- Halda við Jónsgarði, grisja og gera fallegan. Eins með skóginn fyrir ofan Urðarveg.
- Slá Rikkutún.
- Slá brekkuna í króknum (fyrir neðan sjómannablokkina) til að halda kerflinum í skefjum.
- Setja borð og bekki á opna svæðið fyrir framan Sindragötublokkirnar og jafnvel útigrill fyrir gesti.
- Slá tún fyrir neðan Urðavegsblokk, í kringum Engi og fyrir ofan áhaldahús, reyna að stoppa kerfilinn.
- Fá blómaker og bekki sólarmegin á Silfurtorgi.
- Leggja áherslu á græna blettinn milli Hafnarstrætis 19 og Neistahússins.